

Nr. 061 / 15 Bjargey ÍS 41**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 2019
IMO
Smíðaður: Seyðisfjörður 1990, stál
Stærð: 14,45 brl. 23,40 bt.
Mesta lengd: 14,84 m Skráð lengd: 23,40 m
Breidd: 3,61 m Dýpt: 1,90 m
Vél: Caterpillar 175 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 2



Bjargey©Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 26. október 2015 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 10. júní 2015 var Bjargey ÍS 41 á veiðum á Vestfjarðarmiðum. Veður: Hægviðri og ölduhæð 1,4 m.

Þegar báturinn var staddur við Straumnes varð hann vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Benni Vagn ÍS 220 kom á staðinn og aðstoðaði Bjargey í fyrstu en varðskipið Ægir tók síðan við og dró hana til Ísafjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að eldsneytisloki bilaði í vélinni sem olli því að hún fór á yfirsnúning, drap á sér og fór ekki í gang aftur;
- að olíuverkið á vélinni gaf sig einnig.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.